

Miðvikudaginn 19. apríl 1972.

Nr. 46/1972. **Ákæruvaldið**

gegn

**Jóni Antoni Stefánssyni og
Stefáni Gylfa Valdimarssyni.**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Jónatan
Þórmundsson.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. marz s.l., sem barst Hæstarétti 6. þ. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar og krafizt þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð greinargerð saksóknara ríkisins, dags. 7. þ. m., en af hálfu hinna ákærðu hefur engin greinargerð borizt.

Með skirskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. marz 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 29. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 147—148/1972: Ákæruvaldið gegn Jóni Antoni Stefánssyni og Stefáni Gylfa Valdimarsyni, sem tekið var til dóms eða úrskurðar sama dag.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 17. marz f. á., var höfðað „opinbert mál á hendur prentmyndasmiðum Jóni Antoni Stefánssyni, Faxatúni 28, Garðahreppi, fæddum 11. apríl 1925 í Bessatungu, Saurbæ, Dalasýslu, og Stefáni Gylfa Valdimarssyni, Háa-

leitisbraut 41, Reykjavík, fæddum 19. febrúar 1938 í Reykjavík, fyrir brot gegn 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með útgáfu og dreifingu klámritsins „Kynblendingsstúlkan“ til almennrar sölu á innlendum markaði sumarið 1970 eftir að hafa fengið bók þessa þýdda úr dönsku, en bókin er samkvæmt titilblaði sögð gefin út af bókaútgáfu „Fórum“ í Reykjavík 1970.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafizt, að ákærðu sæti upptöku á öllu því upplagi af bók þessari, sem hald var lagt á við lögreglurannsókn máls þessa, samkvæmt 69. gr., 1. töl., hegningarlaganna“.

Hinn 13. þ. m. lagði skipaður verjandi ákærðu, Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, fram skriflega vörn í málinu. Þar segir meðal annars:

„Í ákæruskjali er hvergi neitt að finna, hvaða atriði í bókinni ákæruvaldið telur, að heimfæra megir undir brot á 210. gr. alm. hegningarlaga. Það bar skilyrðislaust að gera og ætti því að vísa máli þessu frá dómi“.

Á dómþingi 16. þ. m. ítrekaði verjandinn þessi orð sín og krafðist þess, að sakadómurinn vísaði málinu frá vegna fyrrgreindra annmarka á formlið málsins.

Samkvæmt 124. gr., 2. mgr., laga nr. 82/1961 sendi sakadómurinn með bréfi, dags. 17. þ. m., saksóknara ríkisins málið til umsagnar.

Í umsögn saksóknara, dags. 22. þ. m., segir meðal annars:

„Af hálfu ákæruvaldsins er litið svo á, að allt meginefni umgetinnar bókar einkennist svo af klámi, að útgáfa og dreifing þess háttar lesefnis í bók falli undir ákvæði 210. gr. hegningarlaganna. Nægir því að vísa svo til bókar þessarar í ákæruskjali sem gert er, sbr. dskj. nr. 1. Af hálfu ákæruvaldsins er fyrrgreindri frávísunarkröfu í máli þessu því mótmælt og þess krafizt, að henni verði hafnað“.

Bókin „Kynblendingsstúlkan“ er 91 bls. og hver síða tölusett. Í henni er ein saga í 7 köflum á 87 bls.

Í ákæru saksóknara er bókin nefnd „klámrit“ og í fyrrgreindri umsögn hans segir, „að allt meginefni“ bókarrinnar „einkennist svo af klámi ...“.

Í ákærunni er eigi vitnað til einstaks eða einstakra kafla, blaðsíðna, málsgreina, setninga né orða í bókinni til að renna stoðum undir það, að hún sé klámrit, og verður að fallast á þá skoðun verjanda ákærða, að ákæru sé áfátt að þessu leyti.

Þessir annmarkar á ákærunni þykja vera til þess fallnir að torvelda verjanda ákærðu varnir í málinu svo og dómara úrlausn sakarefnis. Fullnægir ákæran þannig ekki ákvæðum 115. gr., 2. mgr., 2. tl., laga nr. 82/1961 um glögga skilgreiningu á sakarefni.

Vegna þessara ágalla þykir ákæran eigi verða lögð til grundvallar dómi um efni máls.

Ber því að vísa málinu frá sakadómi.

Sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákæru í málinu er vísað frá sakadómi.

Sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.
